

B.t. Dómstólasýslunnar og dómsmálaráðherra

Reykjavík 13. apríl 2022

Efni: Vernd barna gegn ofbeldi

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Í Barnasáttmálanum er það sérstaklega áréttað að stjórnvöldum aðildarríkja ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu til að réttindi þau sem sáttmálinn verndar, séu virt í framkvæmd. Í 19. grein Barnasáttmálans kemur fram að aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi eða illri meðferð af hálfu nokkurs sem hefur barn í umsjá sinni. Kemur fram í sömu grein að aðildarríkjum sáttmálans beri skylda til að taka til meðferðar mál þar sem barn hefur sætt ofbeldi og ef við á tryggja að slík mál fái meðferð fyrir dómstólum.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fer með eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans hjá aðildarríkjum, hefur áréttað sérstaklega að ofbeldi gegn börnum sé aldrei réttlætanlegt. Nefndin hefur jafnframt beint því til aðildarríkja Barnasáttmálans að ekki sé nóg setja lög sem vernda börn gegn ofbeldi ef þau eru ekki virt í framkvæmd. Íslenska ríkið skilar reglulega skýrslum til barnaréttarnefndarinnar um framkvæmd barnasáttmálans og í kjölfar síðustu skýrslu frá árinu 2011 beindi barnaréttarnefndin tilmælum til íslenska ríkisins um nauðsynlegar aðgerðir til þess að stuðla að áframhaldandi innleiðingu barnasáttmálans. Meðal þess sem nefndin taldi íslenska ríkið þurfa að vinna að er að tryggja vernd barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi.

Réttur barna til verndar gegn ofbeldi og nýlegur dómur héraðsdóms

Rannsóknir hafa sýnt fram á að afleiðingar líkamlegs ofbeldis geta verið langvarandi og haft skaðleg áhrif á hegðun og félagsfærni barna. Einnig getur ofbeldi haft neikvæð áhrif á heilsu barna, sjálfsmynd þeirra, þroska og vellíðan. Neikvæð áhrif ofbeldis á börn eru því ótvíræð og afar mikilvægt er því að koma í veg fyrir hvers kyns ofbeldi gagnvart börnum eins og kostur er. Í því samhengi er lykilatriði að fræða börn, fullorðna og fagaðila um rétt barna til verndar gegn hvers kyns ofbeldi hvort sem er á heimilum þeirra eða í öðrum umhverfi, eins og t.d. í skólum.

Nýlega var kveðinn upp héraðsdómur þar sem orðalag dómsins bar merki um réttlætingu ofbeldis gagnvart barni. Málsatvik voru með þeim hætti að nemandi í grunnskóla gaf kennara kinnhest í kennslustund og brást kennarinn við með því að gefa barninu kinnhest til baka. Dómurinn taldi ekki rétt að líta á kinnhest kennarans sem einangrað atvik heldur taldi að líta þurfi til atvika eins og þau voru áður en til kinnhestsins kom og er vísað í því samhengi til hegðunarvanda nemandans og þess að nemandinn hafi ítrekað ekki sinnt tilmælum kennara.

Dómurinn vísar sérstaklega til þess að *“að mati dómsins (hafi) ekkert bent til þess að stefnandi hefði gefið nemandanum kinnhest nema vegna þess að nemandinn hafi verið á undan að ráðast á kennarann. Ætla má, eins og nemandinn hafði hagað sér fyrir atvikið, að hafi stefnandi ætlað að beita hana líkamlegum refsingum hefði stefnandi látið strax til skara skriða í stað þess að krjúpa niður, taka um vinstri úlnlið nemandans og horfa í augu hennar og biðja hana um að yfirgefa svæðið.”*

Umboðsmaður barna gagnrýnir umrætt orðalag og telur það varhugavert þar sem túlka má dóminn þannig að verið sé að varpa ábyrgð á ofbeldi gagnvart barni yfir á barnið sjálft vegna hegðunar þess. Ef niðurstaðan er sú, að þrátt fyrir skýrt allsherjarbann laga við beitingu hvers kyns ofbeldis gegn börnum, sé það talið réttlætanlegt að beita nemendum ofbeldi, sýni þeir af sér erfiða hegðun og hlýði ekki fyrirmælum, þýðir það að börn með hegðunarvanda, sem eru í viðkvæmri stöðu fyrir, njóta þá síður lagalegrar verndar gegn ofbeldi. Það brýtur gegn allsherjarbanni Barnasáttmálans við beitingu hvers kyns ofbeldis gegn barni en brýtur jafnframt gegn annarri meginreglu Barnasáttmálans, þeirri um að aldrei megi mismuna börnum eftir aðstæðum þeirra eða stöðu eða vegna eigin athafna eða athafna foreldra þeirra.

Að mati umboðsmanns barna er ekki hægt að líta framhjá þeirri staðreynd að um er að ræða annars vegar barn í vanda og hins vegar fullorðinn einstakling sem auk þess er fagmenntaður starfsmaður í ábyrgðarstöðu sem hefur boðvald yfir barninu í umhverfi skólans. Þannig er um að ræða gríðarlegt valdaójafnvægi sem veldur miklum aðstöðumun aðila, enda mikill munur í aldri, þroska, menntun og lífsreynslu. Að auki verður að gera þá sjálfsögðu kröfu til kennara, að þeir haldi stillingu sinni ef nemendum verður á í hegðun og framkomu, og fylgi þeim ferlum sem viðkomandi skóli hefur sett, og sem miða að því að bregðast við slíkri hegðun og fyrirbyggja ítrekun hennar. Að lokum hvetur umboðsmaður barna dómsmálaráðuneytið og Dómstólasýsluna til þess að tryggja að löggæsluaðilar, dómarar og aðrir þeir sem koma að rannsóknnum og meðferð mála sem varða ofbeldi gegn börnum, búi yfir nauðsynlegri þekkingu á rétti barna til verndar gegn hvers kyns ofbeldi og grundvallarskilningi á eðli og afleiðingum ofbeldis fyrir þroska og líðan barna. Umboðsmaður barna lýsir sig jafnframt reiðubúinn til frekara samtals og samstarfs á þessu sviði.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna